

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. október 1965

um breytingar á tilskipun ráðsins um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli

(65/469/EBE)

RÁÐ EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Skýra þarf nánar og leiðrétt tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 <sup>(3)</sup> um samræmingu reglna aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli.

Einkum þar sem ekki er hægt að ljúka við rannsóknir, sem nú fara fram, til þess að meta nákvæmlega litarefni sem skráð eru í II. viðauka við tilskipun frá 23. október 1962 innan þriggja ára frestsins frá birtingu þessarar tilskipunar eins og segir í 2. gr. Fresturinn framlengist því til 31. desember 1966.

Í ákveðnum aðildarríkjum hafa alvarleg vandkvæði komið í ljós varðandi blýinnihald þegar reynt hefur á almenn ákvæði um hreinleika sem tilgreind eru í a-lið 1. mgr. í A þætti III. viðauka við tilskipun frá 23. október 1962. Aðildarríkjum er þess vegna heimilt að leyfa notkun litarefna í matvælum sem uppfylla ekki þessi skilyrði til 31. desember 1966.

Skilgreining á karamellubrónu í I. viðauka við tilskipun frá 23. október 1962, útilokar notkun ákveðinna tegunda þessa efnis til litunar í matvælum; slík útilokun er óréttmæt þar sem þessi efni eru skaðlaus heilsu manna ef samsetning þeirra uppfyllir sérstök skilyrði um hreinleika.

Efni sem sömuleiðis eru skaðlaus heilsu manna og eru í almennri notkun hafa verið felld úr skrá yfir karótínefni og santófyll og úr skrá um efni, sem leyfð eru, til þess að þynna og leysa upp litarefni.

Loks er orsún, eins og það er skilgreint í I. viðauka við tilskipunina frá 23. október 1962, ekki í almennri notkun sem litarefni. Hins vegar er brennisteinsorsún almennt notað í ákveðnum aðildarríkjum til litunar matvæla. Þessum aðildarríkjum ætti að heimila að viðhalda tímabundið reglum um þetta efni samkvæmt ákvæðum sem sett eru um efnin í 2. gr. tilskipunarinnar frá 23. október 1962.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

1. 2. gr. tilskipunar ráðsins frá 23. október 1962 (framvegis nefnd „tilskipunin“) skal breytt og orðast þannig:

„2. gr.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 117, 6. 11. 1964, bls. 2819/64.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. 63, 13. 4. 1965, bls. 965/65.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. 115, 11. 11. 1962, bls. 2645/62.

1. Aðildarríkjum er heimilt, fram til 31. desember 1966, að viðhalda ákvæðum gildandi reglna um litarefni sem

- skráð eru í II. viðauka.
2. Ráðið má, samkvæmt 100. gr. sáttmálans og fyrir dagsetningu í 1. mgr., að leggja fram tillögu að tilskipun sem heimilar leyfir notkun þessara litarefna. Slík heimild er einungis veitt ef sannað þykir, að aflokinni vísindarannsókn, að fyrirnefnd litarefni séu skaðlaus heilsu manna og notkun þeirra sé nauðsynleg af hagkvæmnisástæðum. Hafi ráðið ekkert aðhafst fyrir dagsetninguna í 1. mgr. skal 12. gr. gilda.“
2. Bæta skal eftirtöldum efnum við skrá yfir efni í 6. gr. tilskipunarinnar:
- „Sítrónusýra  
Vínsýra  
Mjólkursýra  
Gelatín  
Pektín  
Ammóníum-, natríum- og kalíumalgínöt
- L-askorbinsýruestrar fitusýranna C14, C16 og C18 án hliðarkeðju (heimilaðir eingöngu fyrir litarefni skráð undir E 160 og E 161 í I. viðauka).“
3. Texti 8. gr. tilskipunarinnar verði að 1. mgr. 8. gr. og eftirfarandi 2. mgr. skal bætt við þá gr.:
- „2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjunum er heimilt, með undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., að heimila notkun litarefna í matvælum sem skráð eru í I. viðauka og ekki uppfylla almennar kröfur um hreinleika, sem tilgreindar eru í a-lið 1. mgr. A þáttar III. viðauka E 141
- um innihald blýs, fram til 31. desember 1966 hið lengsta að telja.“
4. 2. mgr. 12. gr. tilskipunarinnar breytist og verði þannig:
- „2. Þar sem síðasti málsliður 2. mgr. 2. gr. á við kemur dagsetning í 1. mgr. 2. gr. í stað birtingardagsetningar sem vísað er til í málsgreininni á undan.“
2. gr:
- Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við tilskipunina:
- E 141
- Í dálki nefndum „CI“ komi talan „75810“.
- E 150
- Textinn í dálki nefndum „Efnaformúla eða lýsing“ orðist þannig:
- „ Efni sem gerð eru eingöngu með hitun súkrósa eða annarra sykra eða ókristallaðra brúnna afurða sem eru vatnsleysanlegar og unnar með því að stýra hitun sykra ásamt eftirfarandi efnasamböndum:
- edik-, sítrónu-, fosfór- og brennisteinssýru, brennisteinstvísýrlingi og brennisteinsdíoxíði;
- ammóníum-, natríum- og kalíumhýdroxíði og ammóníakgasi;
- ammóníum-, natríum- og kalíumkarbónati, fosfötum, súlfötum og súlftum.“
- E 160
- Undir a):
- í dálki með yfirskrift „Schultz“ komi talan „1403“;
- í dálkum með yfirskrift „CI“ komi tölurnar „1249a“ og „75130“;
- í dálki með yfirskrift „DFG“ komi talan „108“;
- í dálki með yfirskrift „Efnaformúla eða lýsing“ skal orðalagið vera „Aðallega afurðir af trans-gerð“.
- Undir b):
- Í dálki með yfirskrift „Schultz“ komi talan „1738“;
- í dálki með yfirskrift „CI“ skal setja tölurnar „(1241)“ og „75120“;
- í dálki með yfirskrift „DFG“ komi talan „109“.
- Undir d):
- í dálki með yfirskrift „CI“ komi talan „75125“ ;
- í dálki með yfirskrift „Efnaformúla eða lýsing“ skal orðalagið vera: „aðallega vörur af trans-gerð“.

Á eftir d) bætist eftirfarandi við:

Almennt heiti	Schultz	CI	DFG	Efnaformúla eða lýsing
Beta-apó-8' karótenal (C 30)	—	—	—	Aðallega afurðir af trans-gerð
Etýlestri beta-apó-8' karótensýru (C 30)	—	—	—	Aðallega afurðir af trans-gerð

E 161

Í dálki með yfirskrift „Efnaformúla eða lýsing“ skal orðalagið vera:

„Santófyll eru ketón- og/eða hýdroxýlafleiður karótens.“

Undir d):

— Í dálki með yfirskrift „CI“ komi talan „75135“.

Á eftir f) komi eftirfarandi: „g) Kantasantín“.

E 163

Í dálki með yfirskrift „Efnaformúla eða lýsing“ skal orðalagið í síðustu málsgrein vera:

„Antósýanín má fá úr matarávöxtum eða grænmeti svo sem jarðarberjum, mórberjum, kirsuberjum, plómum, hindberjum, brómberjum, sólberjum, rífsberjum, rauðkáli, rauðlauk, trönuberjum, aðalbláberjum, eggaldinum, vínberjum og ylliberjum.“

E 172

Í dálki með yfirskrift „Schultz“ falli tölurnar „1276“ og „1311“niður.

3. gr.

Eftirfarandi litarefni skal bætt í skrána í fyrsta þætti II. viðauka í tilskipuninni:

Almennt heiti	Schultz	CI	DFG	Efnaformúla eða lýsing
Brennisteinsorsín	—	1758	—	Kalsíumsalt brennisteinsorsíns

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka við tilskipunina:

— Í staðinn fyrir fyrstu málsgrein í A-þætti komi eftirfarandi:

"Þess er krafist að litarefnin sem um getur í I. viðauka fullnægi eftirfarandi kröfum um hreinleika, nema annað sé ákveðið samkvæmt sérstökum viðmiðunum í B-þætti:"

— Á eftir E 141 komi:

„E 150 — Karamellubrónt

Ammóníum-köfnunarefni: ekki yfir 0,5 % ákvarðað samkvæmt aðferð Tillmans-Mildner <sup>(1)</sup>

Brennisteinsdíoxíð: ekki yfir 0,1 % ákvarðað samkvæmt aðferð Monier-Williams E. W. <sup>(2)</sup>

pH: ekki lægra en 1,8

Fosföt: ekki yfir 0,5 % skráð sem P<sub>2</sub>O<sub>5</sub>“

— Undir nr. E 181 komi „reiknað sem“ í stað orðanna „skráð sem“.

5. gr.

Aðildarríkin breyti lögum sínum í samræmi við ofanskráð ákvæði þannig að 31. desember 1966 gildi hinar nýju reglur um litarefni og matvæli sem sett eru á markað.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. október 1965.

*Fyrir hönd ráðsins,*

E. COLOMBO

*forseti.*

---

<sup>(1)</sup> Beythien-Diemair, laboratoriums-buch, 7. útgáfa, bls. 151.

<sup>(2)</sup> „Brennisteinsdíoxíðgreining í matvælum“. Dept. Public Health and Med. Subjects No 48, Ministry of Health, London 1927.